

Orka náttúrunnar ohf.

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	9
Efnahagsreikningur	10
Eiginfjárfirlit	11
Sjóðstreymisyfirlit	12
Skýringar	13

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Orka náttúrunnar ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur (Orkuveitan). Eigandi félagsins er Orkuveita Reykjavíkur – Eignir ohf. sem er alfarið í eigu Orkuveitunnar. Engar breytingar urðu á eignarhaldi á árinu.

Starfsemi Orku náttúrunnar ohf. felur í sér framleiðslu á rafmagni og heitu vatni í Andakílsárvirkjun og Nesjavallavirkjun, kaup og sölu á rafmagni til heimila og fyrirtækja á almennum markaði og heildsölumarkaði og rekstur hleðslustöðva.

Samkvæmt samþykktum félagsins skal stjórn félagsins skipuð fimm einstaklingum og tveimur til vara. Skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40% meðal aðal- og varamanna og skulu hlutföllin í stjórn og varastjórn í heild vera sem jöfnust. Stjórnarfolk skal hafa staðgóða menntun sem nýtist í starfi, og hafa reynslu og þekkingu á starfssviði félagsins. Í stjórn Orku náttúrunnar ohf. í árslok 2024 voru:

- Helga Jónsdóttir, lögfræðingur, formaður.
- Tómas Ingason, verkfræðingur og MBA, varaformaður.
- Brynja Kolbrún Pétursdóttir, viðskiptafræðingur.
- Hólmfríður Sigurðardóttir, líffræðingur og MBA. Stjórnandi hjá Orkuveitunni.
- Ómar Svavarsson, viðskiptafræðingur.

Árni Hrannar Haraldsson, BSc í efnafræði og MSc í rekstrarverkfræði, er framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar.

Starfsreglur stjórnar Orku náttúrunnar eru aðgengilegar á vef félagsins www.on.is. Í skýrslu stjórnar og forstjóra í samstæðuársreikningi Orkuveitunnar 2024 er nánar fjallað um stjórnarhætti og áhættustýringu í skýringum númer 27-32.

Fjárhagslegar niðurstöður

Hagnaður af rekstri Orku náttúrunnar ohf. á árinu 2024 nam 2.085,7 milljónum kr. (2023: 1.190,9 mkr.) Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins í lok ársins 43.250,4 milljónum kr. (31.12.2023: 42.951,2 mkr.) Eigið fé nam 23.473,9 milljónum kr. í lok ársins (31.12.2023: 23.388,2 mkr.). Eiginfjárhlutfall félagsins er 54,3% (31.12.2023: 54,5%).

Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu 2024 var 118,3 (2023: 110 ársverk).

Stjórn Orku náttúrunnar leggur til við aðalfund að arður greiddur til eiganda á árinu 2025 vegna rekstrarársins 2024 verði 1.200 milljónir kr. Varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé vísast að öðru leyti til ársreikningsins.

Árangur og óvissupættir

Orka náttúrunnar ohf. (ON) hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem bæði framleiðandi og seljandi rafmagns, og framleiðandi heits vatns. Eftirspurn eftir orku (heitt vatn til húshitunar og rafmagn) fer vaxandi, bæði vegna orkuskiptanna og aukins fólksfjölda og vilji er til að ná loftlagsmarkmiðum Íslands. Því þarf að framleiða meira rafmagn hér á landi. Ein stærsta innkaupaskuldbinding ON á árinu var vegna borana. Þær eru mikilvægar til að auka orkuöflun og viðhalda framleiðslu og sölu á rafmagni og heitu vatni á ábyrgan og umhverfisvænan hátt til allra landsmanna.

Á árinu birti ON áhugakönnun á alþjóðlegum vettvangi. Þar var lýst eftir áhugasömum kaupendum á 150 MW af raforku, sem bundin eru í samningum sem renna út á næstu misserum. Niðurstöður könnunarinnar sýndu að eftirspurn eftir raforku var talsvert meiri en framboð og að vænt raforkuverð er hærri en núverandi samningar segja til um.

Í október skrifuðu RARIK og ON undir samning um kaup RARIK á raforku vegna dreifitapa og með því er fyrirtækinu tryggt raforka til allt að fjögurra ára. RARIK mun einnig halda áfram að kaupa upprunaábyrgðir fyrir dreifitöpin og er þetta því grænn raforkusölusamningur.

Raforkuöryggi almennings var mikið í umræðunni á síðasta ári og nauðsyn þess að tryggja það til framtíðar. ON hefur lagt áherslu á að vænlegasta leiðin til að tryggja framboð á raforku til almennings væri að leggja á einhvers konar framboðsskyldu á alla raforkuframleiðendur út frá hlutdeild þeirra í raforkuframleiðslu. ON framleiðir nú um 17% af allri raforku landsins og myndi þannig sjá fyrir svipuðu hlutfalli af raforku til almennings.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Árangur og óvissupættir, frh.

Vörumerki ON er sterkt og vitund um vörumerkið mældist mikil í mælingu Maskínu á árinu 2024. ON hlaut Íslensku ánægjuvögina sjötta árið í röð vegna ársins 2024 og Sjálfbærniásinn, viðurkenningu til þess raforkusala sem samkvæmt viðhorfi þjóðarinnar stendur best að sjálfbærnimálum. Þá fékk ON vottun frá Bureau Veritas á loftslagsbókhalð ON og Orkuveitunnar sem og viðurkenningu fyrir að vera fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri.

ON hlaut líka umhverfisverðlaun Borgarbyggðar fyrir snyrtilegustu atvinnulóðina við Hleðslugarða ON í Borgarnesi. Fyrirtækið opnaði veglega og fjölskylduvæna Hleðslugarða á fjórum stöðum á árinu.

Á árinu varð veruleg fjölgun á Hverfahleðslum ON, hleðslutenglum fyrir almenning á rafmagnsbílum. Fjölgunin var mest í Kópavogsbæ þar sem 98 tengi bættust við og einnig varð nokkur fjölgun í Reykjavík. Auk þess sem Hraðhleðslum og Hverfahleðslum ON fjölgaði víða um land jókst notkun þeirra til muna.

Föngun og binding koldíoxíðs og brennisteinsvetnis úr gufunni sem nýtt er í Nesjavallavirkjun hélt áfram á tilraunaskala árið 2024 en lítil lofthreinsistöð var reyst við virkjunina árið 2023. Brennisteinsvetni fór ekki yfir reglugerðarmörk á starfssvæði ON á árinu 2024.

Mikil áhersla er lögð á landbætur hjá ON og voru græddir upp 4 hektarar lands með staðargróðri utan framkvæmda á Hellisheiði og við Ölfusvatn árið 2024. Við allar framkvæmdir á grónu landi er gróðurþekju haldið til haga. Við Nesjavallavirkjun var það til að mynda gert til að græða upp land samhliða framkvæmdum við boranir.

Á meðal óvissupáttanna í starfsemi ON er náttúruvá. Eldsumbrot í grennd virkjana á Reykjanesskaga og viðbrögð við þeim hafa verið lærdómsrík. Óvissa vegna loftslagsbreytinga – áhætta og tækifæri – eru margvísleg. Á meðal áhættupáttanna eru:

- Eldingar sem valda útslætti búnaðar.
- Lækkun á grunnvatnsstöðu vegna aukinna þurrka hefur áhrif á vatnsveitur.
- Skriðuföll vegna aukinnar úrkomuákefðar valda skemmdum á búnaði.
- Aukið vindálag á búnað vegna öfga í veðurfari.

Í skýrslu stjórnar í ársreikningi samstæðu Orkuveitunnar 2024 er fjallað um ófjárhagsleg málefni Orku náttúrunnar ohf., þ.á.m. stjórnarhætti, sbr.gr. 66d í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samstæðureikningurinn er nú gerður með hliðsjón af væntanlegum breytingum á lögum um ársreikninga, þ.e. innleiðingu tilskipunar ESB 2022/2464 um sjálfbærnireikningsskil (Corporate Sustainable Reporting Directive – CSRD).

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu og lýsir helstu áhættupáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024.

Reykjavík, 27. febrúar 2025

Í stjórn félagsins:

Helga Jónsdóttir
Tómas Ingason
Brynja Kolbrún Pétursdóttir
Hólmfríður Sigurðardóttir
Ómar Svavarsson

Framkvæmdastjóri:
Árni Hrannar Haraldsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Orku náttúrunnar ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Orku náttúrunnar ohf. („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2024. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Eftirfarandi atriði teljum við vera lykilatriði í endurskoðun okkar:

Skýring á lykilatriði í endurskoðuninni	Hvernig var brugðist við lykilatriði í endurskoðun
Mat framleiðslukerfa Sjá umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýr. 17 (c) bls. 21 til 22 og skýr. 8 á bls. 15 til 16: Við höfum skilgreint mat framleiðslukerfa sem lykilatriði við endurskoðun okkar vegna ársins 2024. Framleiðslukerfin eru metin útfrá afskrifuðu endurstofnverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingu byggingarkostnaðar samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar fyrningar eru endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Félagið framkvæmir virðisrýrnunarpróf á reikningsskiladegi og færir virðisrýrnun á eignirnar ef niðurstaðan er sú að núvirt tekjustreymi eignanna er lægra en bókfært virði þeirra. Einnig getur endurmat eignanna aldrei orðið hærra en sem nemur núvirtu tekjustreymi þeirra. Forsendur sem notaðar eru við endurmat, þegar það á við og virðisrýrnunarprófið byggja á mati stjórnenda og eru að hluta til huglægar. Þar sem eignfærð framleiðslukerfi eru verulegur liður í ársreikningnum getur hver breyta í forsendum haft veruleg áhrif á afkomu og efnahag félagsins. Vinna okkar náði bæði til mats á endurmati og virðisrýrnun framleiðslukerfa.	Sem hluti af endurskoðun okkar fórum við yfir aðferðafræði félagsins við mat á framleiðslukerfum og samkvæmni þess við lög og reglur. Við fórum yfir ferli við endurmatið og virðisrýrnunarpróf. Við fórum einnig yfir virkni líkana sem notast er við matið. Við lögðum mat á forsendur stjórnenda með samanburði við opinberar upplýsingar þar sem það á við. Í þeim tilvikum þar sem forsendur byggja ekki á opinberum upplýsingum lögðum við sjálfstætt mat á forsendur stjórnenda. Við þessa skoðun var verðmatssérfræðingur notaður til aðstoðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Megináherslur við endurskoðunina, frh.

Skýring á lykilatriði í endurskoðuninni	Hvernig var brugðist við lykilatriði í endurskoðun
Innlausn tekna Sjá umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 17 (b) á bls. 21: Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni eru innleystar miðað við mælingar inná kerfin að teknu tilliti til orkutapa sem eiga sér stað í dreifikerfum. Mismunur á því magni sem kemur inná kerfin að frádregnum töpum og reikningsfærði notkun myndar tímabilsleiðréttingu sem er færð á reikningsskiladegi. Sökum þess að tekjuskráning í lok ársins er byggð á áætlun stjórnenda er ákveðin óvissa bundin í tekjuskráningu er snýr að lotun tekna og tilvist. Af þeim sökum beinum við sjónum okkar sérstaklega að lotun tekna í endurskoðuninni, auk annarra endurskoðunar- aðgerða er snúa að tekjuinnlausn.	Við endurskoðun á tekjum höfum við lagt mat á eftirlitsþætti í tekjukerfum. Þá höfum við prófað ákveðna eftirlitsþætti er snúa að skráningu tekna. Við höfum skoðað og lagt mat á tölvueftirlitsumhverfi þar sem við höfum meðal annars farið yfir hvernig aðgangsstýringum er háttað inn í fjárhagskerfi og í undirkerfi er snúa að tekjuskráningu. Við höfum beitt gagnaendurskoðunaraðgerðum þar sem við höfum m.a. yfirfarið afstemmingar á undir og yfirkerfi, beðið um staðfestingu ákveðinna viðskiptavina á mótteknu magni raforku og heitu vatni, veltu og stöðu í viðskiptamannabókhalda í árslok. Við höfum einnig skoðað innborganir eftir áramótin þar sem ekki fékkst staðfest staða frá viðskiptavinum. Við höfum einnig framkvæmt greiningaraðgerðir þar sem við höfum borið saman við væntingar okkar raunverulega tekjuskráningu hjá Orku náttúrunnar.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru t.a.m ársskýrsla samstæðunnar, skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan) og óendurskoðaðra stjórnarháttaryfirlýsingu samstæðunnar. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem að lágmarki ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningi með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda, frh.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álit okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent stjórn endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt Orku náttúrunni ohf. þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum einnig afhent forstjóra og endurskoðunarnefnd samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur yfirlýsingu þess efnis að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda, frh.

Af þeim atriðum sem við upplýstum framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefnd samstæðunnar um lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við gerum grein fyrir þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur heimila ekki slíka upplýsingagjöf. Í undantekningartilfellum kunnum við að greina ekki frá slíkum atriðum ef við metum það svo að neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf vegi þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Við vorum kjörnir endurskoðendur félagsins á aðalfundi þann 18. apríl 2024 en þetta er sjöunda samfellda reikningsárið þar sem við erum endurskoðendur félagsins.

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Reykjavík, 27. febrúar 2025

Davíð Arnar Einarsson,
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur	4	12.878.207	11.814.562 *
Orkukaup	(	2.721.046)	(2.547.018)
Flutningur	(	13.068)	(69.282)
Laun og launatengd gjöld	5 (	2.080.694)	(1.879.684)
Annar rekstrarkostnaður	6 (	2.608.936)	(2.597.566) *
Rekstrarkostnaður samtals	(	7.423.744)	(7.093.549)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA).....		5.454.463	4.721.013
Afskriftir	8,9 (	1.911.947)	(1.951.882)
Rekstrarhagnaður (EBIT).....		3.542.516	2.769.131
Vaxtatekjur		272.325	299.999
Vaxtagjöld og verðbætur	(	1.168.886)	(1.581.139)
Gengismunur		4.159	643
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(	892.401)	(1.280.497)
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....		2.650.115	1.488.633
Tekjuskattur	7 (	564.463)	(297.731)
Hagnaður ársins		2.085.652	1.190.903

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar, sjá skýringu 3.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	39.342.152	38.643.309
Óefnislegar eignir	9	27.812	14.178
Fastafjármunir samtals		39.369.964	38.657.487
Viðskiptakröfur	10	788.066	752.742
Aðrar skammtímakröfur	10	51.141	6.204
Kröfur á tengd félög	10,15	577.157	411.368
Lausafé í ávöxtun hjá móðurfélagi	10,15	2.327.757	3.022.194
Handbært fé	11	136.343	101.205
Veltufjármunir samtals		3.880.464	4.293.714
Eignir samtals		43.250.428	42.951.201
Eigið fé			
Hlutfé		2.004.500	2.004.500
Endurmatsreikningur		15.615.192	16.530.734
Lögbundinn varasjóður		501.125	501.125
Óráðstafað eigið fé		5.353.060	4.351.867
Eigið fé samtals		23.473.878	23.388.226
Skuldir			
Langtímalán frá tengdum félögum	12	13.499.489	13.600.635
Tekjuskattsskuldbinding	13	3.448.157	3.606.845
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		16.947.645	17.207.480
Viðskiptaskuldir	14	633.402	544.782
Næsta árs afborgun langtímalána við tengd félög	12	749.972	715.823
Ógreiddir reiknaðir skattar		723.151	476.972
Aðrar skammtímaskuldir	14	392.184	404.553
Skuld við tengd félög	15	330.196	213.366
Skammtímaskuldir samtals		2.828.905	2.355.496
Skuldir og skuldbindingar samtals		19.776.550	19.562.975
Eigið fé og skuldir samtals		43.250.428	42.951.201

Eiginfjáryfirlit 2024

Árið 2024	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2024	2.004.500	16.530.734	501.125	4.351.867	23.388.226
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(1.144.427)		1.144.427	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats		228.885		(228.885)	0
Hagnaður ársins				2.085.652	2.085.652
Greiddur arður				(2.000.000)	(2.000.000)
Eigið fé 31. desember 2024	2.004.500	15.615.192	501.125	5.353.060	23.473.878

Árið 2023					
Eigið fé 1. janúar 2023	2.004.500	16.822.144	447.137	4.296.620	23.570.401
Endurmat, hækkun		783.653			783.653
Tekjuskattsáhrif af endurmati		(156.731)			(156.731)
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(1.147.915)		1.147.915	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats		229.583		(229.583)	0
Fært á bundið eigið fé					0
Framlag í lögbundinn varasjóð			53.988	(53.988)	0
Hagnaður ársins				1.190.903	1.190.903
Greiddur arður				(2.000.000)	(2.000.000)
Eigið fé 31. desember 2023	2.004.500	16.530.734	501.125	4.351.867	23.388.226

Sjóðstreymisýfirlit 2024

	skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		2.085.652	1.190.903
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		892.401	1.280.497
Tekjuskattur	7	564.463	297.731
Afskriftir	8,9	1.911.947	1.951.882
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		5.454.463	4.721.013
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(	79.913)	105.914
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		38.366	(214.559)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		5.412.915	4.612.368
Innborgaðar vaxtatekjur		272.325	299.999
Greidd vaxtagjöld og gengismunur	(	499.973)	(491.335)
Greiddir skattar	(	437.029)	(452.963)
Handbært fé frá rekstri		4.748.239	3.968.069
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8	(2.568.712)	(1.660.034)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	9	(13.994)	(14.178)
Fé í ávöxtun hjá móðurfélagi, breyting		694.437	708.072
Staða við tengd félög, breyting	(	88.901)	(292.984)
Fjárfestingarhreyfingar	(	1.977.170)	(1.259.124)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun lána frá móðurfyrirtæki	(	735.910)	(691.482)
Greiddur arður	(	2.000.000)	(2.000.000)
Fjármögnunarhreyfingar	(	2.735.910)	(2.691.482)
Hækkun á handbæru fé		35.159	17.463
Handbært fé í ársbyrjun		101.205	83.159
Gengismunur handbærs fjár	(	21)	583
Handbært fé í árslok		136.343	101.205
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8	(41.719)	(37.614)
Skammtímaskuldir, breyting		41.719	37.614
Aðrar upplýsingar:			
Veltufé frá rekstri		4.507.845	4.069.221
Veltufé frá rekstri greinist þannig:			
Hagnaður ársins		2.085.652	1.190.903
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:			
Afskriftir		1.911.947	1.951.882
Verðbætur og gengismunur lána		668.913	1.089.804
Tekjuskattsskuldbinding	(	158.688)	(162.785)
Gengismunur af handbæru fé		21	(583)
Veltufé frá rekstri		4.507.845	4.069.221

Skýringar

1. Félagið

Orka náttúrunnar ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur (Orkuveitan). Höfuðstöðvar félagsins eru að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er að fullu í eigu OR Eigna ohf. og er ársreikningur félagsins hluti af samstæðuársreikningi Orkuveitunnar.

Starfsemi Orku náttúrunnar felur í sér framleiðslu á rafmagni og heitu vatni í Andakílsárvirkjun og Nesjavallavirkjun, kaup og sölu á rafmagni til heimila og fyrirtækja á almennum markaði og heildsölumarkaði og rekstri hleðslustöðva.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður en þeim er lýst í skýringu 17.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að varanlegir rekstrarfjármunir hafa verið endurmetnir til gangvirðis.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreikningsins krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum er að finna í skýringu 8 um varanlega rekstrarfjármuni.

3. Leiðrétting á samanburðartölum

Við yfirferð á flokkun tekna og gjalda félagsins kom í ljós að tiltekin gjöld höfðu ranglega verið jafnað saman á móti tekjum. Í samræmi við IAS 8 hefur samanburðartölum vegna ársins 2023 því verið breytt.

Rekstrarreikningur (samandregið)	Áður birt	Leiðrétting	2023
	2023		Leiðréttt
Rekstrartekjur	11.714.959	99.603	11.814.562
Annar rekstrarkostnaður	(2.497.963) (	99.603) (	2.597.566)

Skýringar

4. Rekstrartekjur

	2024	2023
Rafmagn	8.399.953	7.930.721
Heitt vatn	3.622.937	2.833.680
Seld þjónusta efni og vinna	435.859	534.502
Aðrar tekjur	419.458	515.659
	12.878.207	11.814.562

5. Laun og launatengd gjöld

	2024	2023
Laun	1.781.290	1.587.227
Mótframlag í lífeyrissjóð	235.646	208.383
Önnur launatengd gjöld	184.429	147.225
	2.201.365	1.942.835
Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í rekstrareikninginn:		
Laun og launatengd gjöld gjaldfærð í rekstrarreikningi	2.080.694	1.879.684
Eignfært á framkvæmdir	120.671	63.152
	2.201.365	1.942.835
Fjöldi ársverka	118,3	110,0

Laun og mótframlag í lífeyrissjóð til stjórnar og framkvæmdastjóra á árinu námu 51,7 milljónum kr. (2023: 43,6 milljónum kr.)

6. Annar rekstrarkostnaður

	2024	2023
Viðhaldskostnaður og þjónusta við systurfélög	837.927	912.877
Þjónustusamningar	1.043.086	939.586
Rekstur fasteigna	292.594	263.042
Rekstrartryggingar	71.345	66.619
Skrifstofukostnaður	260.184	255.979
Aksturskostnaður	71.375	132.444
Starfsmannakostnaður	26.530	27.019
Vörur til endursölu	5.895	0
	2.608.936	2.597.566
Þóknun endurskoðanda:		
Þóknun vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar árshlutauppgjöra	4.207	3.864
Samtals þóknun endurskoðanda	4.207	3.864

7. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:				
		2024		2023
Tekjuskattur til greiðslu		723.151		476.972
Breyting á frestuðum tekjuskatti	(	158.688)	(	179.241)
Gjaldfærður tekjuskattur		564.463		297.731
Virkt skatthlutfall greinist þannig:				
		2024		2023
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt		2.650.115		1.488.633
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	21,0%	556.524	20,0%	297.727
Áhrif af breyttu tekjuskattshlutfalli	0,3%	7.935	0,0%	0
Aðrar breytingar	0,0%	4	0,0%	4
Virkur tekjuskattur	21,3%	564.463	20,0%	297.731

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Framleiðslu- kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausa- fjármunir	Samtals
31.12.2024				
Heildarverð				
Staða í ársbyrjun	105.511.572	20.778	1.307.742	106.840.092
Viðbætur á árinu	1.843.185	0	765.791	2.608.977
Aflagt á árinu	1.453	0	0	1.453
Staða í árslok	107.356.211	20.778	2.073.534	109.450.522
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	67.820.839	10.343	365.601	68.196.783
Afskrifað á árinu	1.816.553	424	94.609	1.911.587
Staða í árslok	69.637.392	10.767	460.211	70.108.370
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1.2024	37.690.733	10.435	942.141	38.643.309
Bókfært verð 31.12.2024	37.718.818	10.011	1.613.323	39.342.152
31.12.2023				
Heildarverð				
Staða í ársbyrjun	101.626.862	20.778	1.017.341	102.664.981
Endurmat, hækkun	2.495.473	0	0	2.495.473
Viðbætur á árinu	1.394.585	0	303.063	1.697.648
Aflagt á árinu	(5.348)	0	(12.662)	(18.010)
Staða í árslok	105.511.572	20.778	1.307.742	106.840.092
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	64.312.749	9.919	228.423	64.551.090
Endurmat, hækkun	1.711.820	0	0	1.711.820
Afskrifað á árinu	1.801.618	424	149.840	1.951.882
Aflagt á árinu	(5.348)	0	(12.662)	(18.010)
Staða í árslok	67.820.839	10.343	365.601	68.196.783
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1.2023	37.314.113	10.859	788.918	38.113.890
Bókfært verð 31.12.2023	37.690.733	10.435	942.141	38.643.309

Endurmat

Við endurmat eru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Endurmat er fært á sérstakan endurmatadreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskatti samanber skýringu 17c. Gangvirði viðkomandi eigna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Endurmat framleiðslukerfa fyrir heitt vatn og rafmagn var síðast framkvæmt 30.09.2023 en það er hluti af reglubundnu endurmati eigna fyrirtækisins. Það er mat stjórnenda að óverulegar breytingar hafi verið á gangvirði frá þeim tíma.

Upplýsingar um endurmetnar eignir í árslok

	Framleiðslukerfi	
	31.12.2024	31.12.2023
Endurmetið bókfært verð	39.342.152	38.643.309
Þar af áhrif endurmat	(19.518.990)	(20.663.417)
Bókfært verð án endurmat	19.823.162	17.979.891

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir frh.

Fasteignamat og váttryggingaverðmæti

Í árslok 2024 nam fasteignamat eigna félagsins sem metnar eru fasteignamati 5.779 milljónum kr. (2023: 5.442 milljónir kr.) og brunabótamat þeirra nam 8.119 milljónum kr. (2023: 7.856 milljónir kr.). Váttryggingarverðmæti eigna félagsins nam 50.014 milljónum kr. í árslok 2024 (2023: 46.633 milljónir kr.).

Virðisrýrnunarpróf

Virðisrýrnunarpróf voru gerð miðað við stöðu eigna Orku náttúrunnar 30.9.2024 til að staðfesta að bókfært verð eigna stæði undir væntu framtíðarsjóðstreymi. Virðisrýrnunarpróf voru gerð á tvær sjóðskapandi einingar, heitavatnsframleiðslu og rafmagnsframleiðslu. Niðurstaða virðisrýrnunarprófanna leiddi ekki til virðisrýrnunar. Ekki eru líkur á virðisrýrnun hjá framleiðslueiningum þar sem umframvirði er töluvert.

Helstu forsendur

i) Veginn fjármagnskostnaður (WACC) er 5,74% til 6,44%, (2023: 6,13% til 6,81%)

ii) Framtíðartekjuvöxtur er áætlaður -1,15% til 1,26%, (2023: 0,0% til 0,05%)

Ef ávöxtunarkrafa hækkar um 0,1 prósentustig en öðrum forsendum er haldið óbreyttum þá lækkar umframvirði rafmagnsframleiðslu um 0,49 milljarða kr. Ef að áætluð EBITDA er 1% lægri á ári út áætlunartímabilið en öðrum forsendum er haldið óbreyttum reiknast lækkun á umframvirði í rafmagnsframleiðslu um 0,55 milljarða kr.

Nánar er fjallað um endumat og virðisrýrnunarpróf í skýringu 17c.

9. Óefnislegar eignir

31.12.2024	Hugbúnaður	Þróunareign	Samtals
Heildarverð			
Staða í ársbyrjun	0	14.178	14.178
Viðbætur á árinu	11.259	4.188	15.447
Aflagt á árinu	0 (	1.453) (	1.453)
Staða í árslok	11.259	16.913	28.172
Afskriftir			
Afskrifað á árinu	360	0	360
Staða í árslok	360	0	360
Bókfært verð			
Bókfært verð 1.1.2024	0	14.178	14.178
Bókfært verð 31.12.2024	11.619	16.913	27.812
31.12.2023	Þróunareign		Samtals
Heildarverð			
Staða í ársbyrjun	14.178		14.178
Staða í árslok	14.178		14.178
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	0		0
Staða í árslok	0		0
Bókfært verð			
Bókfært verð 1.1.2023	14.178		14.178
Bókfært verð 31.12.2023	14.178		14.178

Skýringar

10. Aðrar peningalegar eignir

	31.12.2024	31.12.2023
Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	809.066	770.742
Óbein niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(21.000)	(18.000)
	788.066	752.742
Kröfur á tengd félög greinast þannig:		
Kröfur á móðurfyrirtæki vegna ávöxtunar á handbæru fé	2.327.757	3.022.194
Aðrar kröfur á tengda aðila í samstæðu Orkuveitunnar	577.157	411.368
	2.904.914	3.433.563
Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Inneign virðisaukaskatts	44.496	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	117	0
Fjármagnstekjuskattur	5.956	5.573
Aðrar kröfur	572	632
	51.141	6.204

11. Handbært fé

Handbært fé í árslok samanstendur af bankainnstæðum.

12. Vaxtaberandi skuldir

	31.12.2024	31.12.2023
Langtímaskuldir		
Langtímalán frá móðurfyrirtæki í ISK, verðtryggt	14.249.460	14.316.458
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(749.972)	(715.823)
	13.499.489	13.600.635
Afborganir lána greinast þannig á næstu ár:		
Afborganir 2024	-	715.823
Afborganir 2025	749.972	715.823
Afborganir 2026	749.972	715.823
Afborganir 2027	749.972	715.823
Afborganir 2028	749.972	715.823
Afborganir 2029	749.972	-
Afborganir síðar	10.499.602	10.737.343
	14.249.460	14.316.458

Skýringar

13. Tekjuskattsskuldbinding

	31.12.2024	31.12.2023
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	3.606.845	3.612.899
Leiðrétting á stöðu 1.1.	0	16.456
Reiknaður tekjuskattur ársins	564.463	297.731
Tekjuskattur til greiðslu	(723.151)	(476.972)
Tekjuskattsáhrif af endurmati ársins	0	156.731
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	3.448.157	3.606.845

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	31.12.2024	31.12.2023
Varanlegir rekstrarfjármunir	3.443.290	3.602.908
Óefnislegar eignir	378	0
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	3.891	4.107
Frestaður gengismunur	597	(171)
	3.448.157	3.606.845

14. Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2024	31.12.2023
Almennar viðskiptaskuldir	633.402	544.782
Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:		
Ógreidd laun og launatengdir liðir	388.632	347.949
Ógreiddur virðisauka- og orkuskattur	1	54.412
Aðrar skammtímaskuldir	3.551	2.193
	392.184	404.553

Skýringar

15. Viðskipti við tengda aðila

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn hennar, félög í samstæðu Orkuveitunnar og stjórnarmenn og lykilstjórnendur í samstæðu Orkuveitunnar eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Neðangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við félagið á árinu.

	2024	2023
Sala til tengdra aðila á árinu var eftirfarandi:		
Sala til Reykjavíkurborgar.....	14.103	106.706
Sala til félaga og stofnana í samstæðu Reykjavíkurborgar.....	140.626	118.473
Sala til tengdra aðila í samstæðu Orkuveitunnar.....	5.466.321	4.208.778
	5.621.050	4.433.957
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á árinu voru eftirfarandi:		
Kaup af Reykjavíkurborg.....	0	73
Kaup af félögum og stofnunum í samstæðu Reykjavíkurborgar.....	438	246
Kaup af hlutdeildarfélögum í samstæðu Orkuveitunnar.....	8.230	8.272
Kaup á þjónustu og efni frá tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar.....	2.818.463	2.070.013
	2.827.131	2.078.604
Vaxtatekjur vegna inneignar hjá móðurfyrirtæki.....	266.650	274.525
Vaxtagjöld og verðbætur vegna langtímalána við móðurfyrirtæki.....	1.168.046	(1.580.159)
	1.434.695	(1.305.634)
Kröfur á tengd félög	31.12.2024	31.12.2023
Krafa á Reykjavíkurborg.....	0	137
Krafa á félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar.....	17.607	11.430
	17.607	11.567
Krafa á móðurfélag, Orkuveituna.....	2.327.757	3.022.194
Krafa á systurfélag, ON Power ohf.....	0	116.770
Krafa á systurfélag, Vatns- og fráveita sf.....	42.980	11.067
Krafa á systurfélag, Veitur ohf.....	532.130	282.372
Krafa á systurfélag, Ljósleiðarann ehf.....	1.981	1.047
Krafa á systurfélag Carbfix hf.....	66	113
Samtals kröfur á félög í samstæðu Orkuveitunnar.....	2.904.914	3.433.563
Skuldir við tengd félög		
Skuld við Reykjavíkurborg.....	70	16
Skuld við hlutdeildarfélög í samstæðu Orkuveitunnar.....	0	14
	70	16
Skuld við móðurfélag, Orkuveituna.....	192.078	194.662
Skuld við systurfélag, ON Power ohf.....	79.471	0
Skuld við móðurfélag, OR Eignir ohf.....	58.647	18.704
Samtals skuldir við félög í samstæðu Orkuveitunnar.....	330.196	213.366

Staða og frekari sundurliðun á langtímaláni við móðurfyrirtækið má finna í skýringu 12 og laun stjórnenda í skýringu 5.

Skýringar

16. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Stjórn og framkvæmdastjóra er ekki kunnugt um atburði sem hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á ársreikninginn eða veita þarf upplýsingar um.

Skýringar

17. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi og miðar fyrirtækið við miðgengi í dagslok skv. Seðlabanka Íslands. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.

b. Tekjur

Tekjur eru skráðar þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst til kaupanda og eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

i) Færsla og mat

Upphaflega eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir til eignar á kostnaðarverði sem samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkunar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Gangvirði eigna er ákvarðað miðað við afskrifað endurstofnverð. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eignar og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetið í samræmi við þær breytingar. Við þennan útreikning er stuðst við opinberar upplýsingar og rauntölur úr bókhaldi um verðbreytingar á kostnaðarliðum og tekið tillit til áætlunar um vægi hvers kostnaðarliðar í heildarkostnaði við byggingu samskonar eignar. Kostnaðarliðir og hlutfallslegt vægi þeirra er ákvarðað af sérfræðingum innan samstæðu Orkuveitunnar. Einnig er litið til niðurstöðu virðisrýrnunarprófs sem framkvæmt er af sérfræðingum innan samstæðu Orkuveitunnar og endurmat ekki fært umfram vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eignum.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta varanlegra rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Skýringar

17. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Framleiðslukerfi	7 - 60 ár
Aðrar fasteignir	50 ár
Aðrir lausafjármunir	5 - 40 ár

iv) Virðisrýrnun

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Endurheimtanleg fjárhæð er metin út frá notkunarvirði. Notkunarvirði er ákvarðað á þann hátt að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi miðað við áframhaldandi nýtingu eignanna. Fjárstreymi er byggt á rekstraráætlun næstu fimm ára. Við mat á nýtingarvirði byggja stjórnendur á áætlun um framtíðar þróun starfseminnar, byggt er á bæði ytri og innri upplýsingum.

d. Óefnislegar eignir

i) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

iii) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna frá þeim degi sem þær eru nýtanlegar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Þróunarverkefni	10-40 ár
-----------------------	----------

e. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 21% vegna ársins 2024.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingunni.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.